

Reykjavík 28.03.2019

Efni: Umsögn um 289. mál, tillögu til þingsályktunar um samkeppnisúttekt á löggjöf og regluverki.

Hinn 2. nóvember 2018 lögðu Þorsteinn Víglundsson, 7. þingmaður Reykjavíkurborgar norður, og fimm aðrir þingmenn fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um samkeppnisúttekt á löggjöf og regluverki. Tillögunni var vísað til efnahags- og viðskiptanefndar hinn 28. febrúar sl. að fyrstu umræðu lokinni. Hinn 11. mars sl. setti nefndin tillöguna í umsagnarferli en frestur til að skila umsögnum var veittur til og með 29. mars 2019.

Í tillögunni felst að Alþingi geri forsætisráðherra að láta vinna heildstæða samkeppnisúttekt á íslenskum lögum í víðri merkingu í samstarfi við Efnahags- og framfarastofnunina (OECD). Lagt er upp með að heimilt verði að skipta úttekinni í áfanga en henni skuli að fullu lokið fyrir árslok 2021.

SAF – Samtök ferðaþjónustunnar fagna tillögunni og lýsa sig í grundvallaratriðum sammála efni hennar að teknu tilliti til skýringa sem koma fram í greinargerð.

SAF benda á að samkeppnismat er þegar hafið í samstarfi við OECD fyrir forgöngu ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra. Rétt er þó að taka fram að umfang þess mats er takmarkaðra en tillöguhöfundar leggja upp með, þ.e. það nær aðeins til regluverks ferðaþjónustu og byggingarstarfsemi. Áætlað er að vinnsla matsins taki átján mánuði. Upplýsingar um framkvæmd matsins liggja fyrir og bera þær með sér að því fylgi umtalsverð vinna af hálfu íslenskra stjórnvalda og OECD en ekki síður af hálfu ferðaþjónustunnar. Þá má gera ráð fyrir að úrvinnsla niðurstaðna matsins kalli á tímafreka vinnu og samráð. Í því ljósi velta SAF fyrir sér hvort ekki kunnir að vera nokkuð bratt farið að kveða á um það í ályktunarorðum tillögunnar að heildstæðri samkeppnisúttekt verði lokið fyrir árslok 2021. Að mati SAF væri skynsamlegra að gera ráðherra að ákvarða áfanga í samstarfi við innlenda hagsmunaaðila og OECD, forgangsraða vinnu við þættina með hliðsjón af efnahagslegu mikilvægi og ljúka heildarverkinu á 7–10 árum.

Að teknu tilliti til framangreinds leggja SAF til að tillagan verði samþykkt.

Virðingarfyllst,

f.h. SAF – Samtaka ferðaþjónustunnar



Benedikt S. Benediktsson